

Forsætisráðherra, ráðherrar, félagar Viðskiptaráðs og aðrir góðir gestir.

90 ára afmæli

Árið 2007 var tímamótaár í sögu Viðskiptaráðs Íslands en í september voru 90 ár liðin frá stofnun þess. Hlutverk Viðskiptaráðs hefur ætíð verið að gæta hagsmuna alls viðskiptalífsins, með því að efla skilning á mikilvægi frjálsræðis í viðskiptum, lágmörkun opinberra afskipta, hagfellds skattaumhverfis og annarra þátta er miða að því að auka samkeppnishæfni Íslands.

Á þeim 90 árum sem liðin eru frá stofnum Viðskiptaráðs, hefur ráðið rutt veginn á þeirri framfarabraut sem Ísland hefur fetað og mun áfram leggja sitt af mörkum til að greiða leið fyrir frekari landvinninga.

Í tilefni afmælis Viðskiptaráðs voru teknar saman 90 tillögur sem miða að því að bæta samkeppnishæfni Íslands. Í þeim speglast rödd viðskiptalífsins, en til liðsinnis við mótun þeirra fékk ráðið hóp valinkunnra einstaklinga, fulltrúa Viðskiptaráðs. Afrakstrinum má lýsa sem stefnuskrá ráðsins. Eins og áður er það markmið Viðskiptaráðs að knýja fram breytingar og má tvímælalaust rekja mörg af stærstu framfaraskrefum í viðskiptasögu landsins til frækorna sem sáð hefur verið af Viðskiptaráði Íslands. Ég horfi björtum augum til þess að svo verði áfram og er afmælistillögum Viðskiptaráðs ætlað að vera stjórnvöldum okkar leiðarvísir til framfara, umbóta og árangurs.

Menntun

Stjórnendur gera sér æ betur grein fyrir því að vel menntað starfsfólk er forsenda samkeppnishæfni. Kröfur um færni starfsfólks aukast með alþjóðavæðingu, tæknivæðingu, bættu upplýsingaflæði og samkeppni. Því má segja að menntun sé nú, frekar en áður, hornsteinn öflug atvinnulífs. Stuðningur Viðskiptaráðs við menntun á Íslandi, með Sjálfseignarstofnun Viðskiptaráðs Íslands um viðskiptamenntun, er því enn í dag afar mikilvægur þáttur í okkar starfi og lítum við með stolti til frábærs árangurs Verslunarskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík.

Starf beggja skóla hefur einkennst að frumkvæði og krafti og standa þeir fremstir í flokki, hvor á sínu námsstigi. Hér gefst ekki ráðrúm til að gera tilhlíðilega grein fyrir starfsemi beggja skóla, en ég get ekki látið hjá líða að fagna nýlegri aðkomu einkaaðila að fjármögnun og stýringu Háskólans í Reykjavík, sem mun efla enn frekar starf skólans, bæði hérlandis og erlendis.

Við erum stolt af okkar framlagi til menntunar með starfi þessara tveggja skóla. Því má þó bæta við að Viðskiptaráð hefur síðustu mánuði, í samstarfi við Verslunarskólann, kannað grundvöll fyrir rekstri nýs spennandi skóla á framhaldsstigi, Listmenntaskóla Íslands, þar sem nemendum verður gert kleift að tvinna saman list- og bóknám.

Ég vil leggja áherslu á að árangur af starfi Versló og Háskólans í Reykjavík sýnir fram á gildi einkaframtaks í menntamálum. Aukin breidd og valmöguleikar í framhaldsmenntun hafa ekki eingöngu skapað vaxandi sókn í menntun heldur veitt ríkisskólunum mikilvægt aðhald og samkeppni. Það ætti því að vera markviss stefna stjórnvalda að ýta enn

frekar undir nýsköpun í menntamálum með því að leyfa einkaframtaki að njóta sín.

Þessa góðu reynslu og aðferðafræði má svo heimfæra yfir á aðra geira, til dæmis í heilbrigðismálum, þar sem flestir eru sammála um að kraftar einkaaðila eru verulega vannýttir.

Ástand á fjármálamörkuðum

Undanfarin ár hafa verið fjármálamörkuðum hagstæð, þar sem lágt vaxtastig og lausafjárgnógt hafa skapað hagfelld skilyrði til fjárfestinga og vaxtar. Þessar aðstæður hafa íslensk fyrirtæki fært sér vel í nyt. En nú eru blikur á lofti. Síðastliðna mánuði hafa töluverðar hræringar verið á fjármálamörkuðum heimsins. Vegna aukinnar alþjóðavæðingar íslensks viðskiptalífs er þetta þróun sem Íslendingar hafa ekki farið varhluta af. Hlutabréf hafa lækkað og aðgengi fyrirtækja að lánsfé er nú mun verra en áður.

Þó svo kringumstæður á alþjóðamörkuðum séu nú töluvert öðruvísi, þá minnir ástandið að nokkru leyti á þá stöðu sem kom upp í íslensku fjármálalífi á vormánuðum 2006. Þá tók Viðskiptaráð frumkvæði í umræðu um íslenskt fjármála- og efnahagslíf á erlendri grundu, enda umtalsverðra hagsmuna að gæta. Útgáfa skýrslu Frederic Mishkin og Tryggva Þórs Herbertssonar um fjármálastöðugleika á Íslandi var mikilvægt framlag í þeim vanda sem steðjaði að íslensku viðskiptalífi á þeim tíma.

Síðan þá hefur kynning íslensks viðskiptalífs fyrir erlendum aðilum verið snar þáttur í starfi Viðskiptaráðs. Síðasta Viðskiptaþing var meðal annars helgað samræmingu og uppbyggingu ímyndar Íslands og á

haustmánuðum kynnti Viðskiptaráð skýrsluna „The Internationalisation of Iceland's Financial Sector“ á fjölmennum fundi í Lundúnum. Í henni fjalla Richard Portes, Friðrik Már Baldursson og Frosti Ólafsson, um stöðu íslensks fjármálageira í alþjóðlegu samhengi.

Þar kemur fram að íslensk fjármálafyrirtæki brugðust af mikilli skilvirkni við erfðileikunum sem áttu sér stað vorið 2006. Ljóst er af niðurstöðunum að grunnaðföng bankanna stenst fyllilega samanburð við aðra norræna banka og ekki verður betur séð en tekjur af hlutabréfastöðum og fjárfestingabankastarfsemi séu viðbót fremur en grunnþáttur í arðsemi þeirra. Samanburður á samsetningu lánsfjármagns bankanna sýndi einnig að íslenskir bankar eru vel í stakk búnir til að mæta þrengingum á mörkuðum líkt og þeim sem standa yfir í dag. Í stuttu máli má segja að flestir þeir þættir sem sættu gagnrýni vorið 2006 hafi verið lagfærðir, sem endurspeglar sveigjanleika og lipurð íslenskra fjármálafyrirtækja. Fyrir vikið hefur staða íslensku bankanna verið mun sterkari í yfirstandandi lausafjárþurrð.

Það er ánægjulegt að sjá hvernig niðurstöður úr fyrrnefndum skýrslum Viðskiptaráðs hafa ratað inn í nýleg álit banka og matsfyrirtækja og erfitt að vanmeta mikilvægi þess að til séu aðgengilegar, gildandi og trúverðugar upplýsingar um íslenskt viðskiptalíf. En betur má ef duga skal.

Íslenskir bankar bera nú áhættuálag í fjármögnun sinni sem virðist fremur hafa með þjóðerni þeirra að gera en styrkleika og rekstrarhorfur. Það er alvarlegt mál að fyrirtæki beri skaða af íslenskum uppruna sínum og undirstrikar nauðsyn þess að halda uppi stöðugu flæði upplýsinga um fjármála- og efnahagslíf okkar á erlendra grundu. Því er nú nauðsynlegra en nokkru sinni fyrr að aðilar íslensks

viðskiptalífs snúi bökum saman og vinni að eflingu trúverðuleika fjármálakerfisins og viðskiptalífsins í heild.

Þáttur upplýsingamiðlunar í starfi Viðskiptaráðs er gríðarlega mikilvægur. Ég legg áherslu á að sá þáttur nýtist öllum fyrirtækjum sem hér starfa, óháð stærð eða atvinnugrein. Velgengi stærri fyrirtækja ryður braut fyrir þau smærri og hefur auk þess jákvæð áhrif á íslenskt hagkerfi, öllum sem hér búa til hagsbóta.

Í ljósi mikilvægis þessarar starfsemi Viðskiptaráðs blasir við að henni mun verða haldið áfram svo lengi sem þörf er á.

Staða peningamála

Umfjöllunarefni Viðskiptaþings er þessu máli nátengt, en yfirskrift þess er „Íslenska krónan: Byrði eða blóraböggull?“. Þar er vísað til óróans sem einkennt hefur gjaldmiðil okkar að undanfögnu. Stöðugur og áreiðanlegur gjaldmiðill er ein af grundvallarforsendum þess að hér sé hægt að reka alþjóðleg fyrirtæki á farsælan hátt. Sé efnahagslíf í ójafnvægi og peningastefna ekki trúverðug, er hætt við að íslensk fyrirtæki gjaldi fyrir það með beinum og óbeinum hætti. Þetta höfum við þegar séð á Íslandsálagi bankanna, en áhrifanna gætir víðar.

Mikilvægt er að fagleg og opinská umræða eigi sér stað um gjaldeyris- og efnahagsmál og að mörkuð verði stefna sem miðar að því að hér verði rekstrarumhverfi fyrirtækja eins og það gerist best annars staðar.

Fyrirkomulag peningamála er nú orðið að heitu umræðuefni.

Viðvarandi verðbólga, hátt vaxtastig, hátt raungengi og ófyrirsjáanlegar gengissveiflur spila þar stórt hlutverk. Íslenska krónan er örmynt á

alþjóðlegan mælikvarða og mikill vöxtur fyrirtækja á erlendri grundu hefur leitt til þess að krónan hefur reynst mörgum fjötur um fót.

Niðurstaða skoðanakönnunar Viðskiptaráðs Íslands á meðal aðildarfélaga sýnir að íslensk fyrirtæki geta illa unað við óbreytt ástand. Meirihluti aðildarfélaga er ósáttur við fyrirkomulag gjaldeyris- og peningamála hérlandis og telja krónuna byrði á sínum fyrirtækjum vegna þess viðbótarkostnaðar sem hún veldur. Forsvarsmenn tveggja af hverjum þremur fyrirtækjum telja fjármálastjórn hins opinbera hafa dregið úr efnahagslegu jafnvægi og jafn margir eru fylgjandi því að Íslendingar taki upp annan lögeyri en íslensku krónuna.

Svo virðist sem stefnumótun stjórnvalda í þessum mikilvæga málaflokki skorti, eða hún er ekki í takt við þarfir atvinnulífs og almennings. Stjórnvöld hafa litið framhjá þeim vandamálum sem óhjákvæmilega tengjast sjálfstæðri peningastefnu. Þetta er óheppilegt, því þannig verða þau áhrifalaus um þróun mála. Stöðugleiki í efnahagsmálum og traustur gjaldmiðill er ekki eingöngu hagsmunamál viðskiptalífsins því háir vextir, gengissveiflur og viðvarandi verðbólga koma ekki síður niður á almenningi. Því er það skýlaus krafa bæði viðskiptalífs og almennings, að þessi mál séu rædd opinskátt og af krafti og ákvarðanir teknar af skilvirkni. Með öðrum hætti verður þeirri óvissu sem ríkir í rekstarumhverfi fyrirtækja og efnahagslífi Íslendinga ekki eytt.

Aukinn stöðugleiki forsenda krónunnar

Frá upptöku verðbólguþröðvarkmíðs árið 2001 má að mestu rekja ójafnvægi í efnahagsmálum til ákvarðana og umsvifa hins opinbera, sem ekki hefur dregið saman seglin í kjölfar hagvaxtarhvetjandi aðgerða. Það má í raun segja að með aðgerðum sínum hafi stjórnvöld frekar kynt undir hagsveiflunni en dregið úr henni. Þarna liggur einnig rót umræðu um stöðu íslensku krónunnar sem nú er hávæð í samfélaginu og má segja að gjaldmiðillinn hafi verið gerður að blóraböggli fyrir hnökra í hagstjórn hér síðustu árin.

Það er því ljóst að aukinn efnahagslegur stöðugleiki er grundvallarforsenda þess að íslenska krónan eigi sér von um framtíð. Til að svo megi vera, er brýnt að stjórnvöld grípi til markvissra aðgerða til að styrkja hagstjórn og auka á trúverðuleika peningastefnunnar. Í skýrslu Viðskiptaráðs til Viðskiptaþings 2008 er gerð grein fyrir slíkum aðgerðum og mun ég hér tæpa á þeim helstu.

Stjórnvöld axli ábyrgð og styðji við peningastefnu Seðlabankans – sveiflujöfnun

Nauðsynlegt er að almenn starfsemi hins opinbera styðji betur við peningastefnu Seðlabanka Íslands og að kerfisbundið sé unnið gegn sveiflum með fjármálastjórn hins opinbera. Þetta verður meðal annars gert með því að gæta betur að trúverðuleika útgjaldaramma ríkissjóðs, sem hefur á undanföörnum árum haft tilhneigingu til óhóflegrar úþpenslu.

Sértækar aðgerðir, t.d. stærri fjárfestingar og skattalækkunar, ætti undantekningarlaust að tímasetja með hliðsjón af efnahagsástandi hverju sinni. Skilvirkasta leiðin til þess er að hið opinbera komi stórum atvinnuverkefnum í hendur einkaaðila. Árangur af einkaframtaki hefur verið ótvíræður á undanförunum árum, og á forræði einkaaðila er líkleggra að tímasetningar stórra verkefna ráðist af efnahagsástandi og vaxtastigi en hjá hinu opinbera. Verkefni á sviðum orkugeirans og samgöngumannvirkja eru þarna augljós kostur.

Íbúðalánasjóður

Núverandi rekstrarfyrirkomulag Íbúðalánasjóðs er mein í íslensku hagkerfi og skortir mikið á að almenn umræða um hann sé byggð á traustum grunni. Svo virðist sem stór hluti almennings telji sjóðinn mynda viðnám gegn háum vöxtum bankanna og verður ekki betur séð en að þetta sé ímynd sem Íbúðalánasjóður leggur mikið upp úr að viðhalda.

Á meðan Seðlabanki Íslands hækkar stýrivexti til að slá á verðbólgu heldur hið opinbera húsnæðisvöxtum lágum með niðurgreiðslu almennra húsnæðislána í gegnum Íbúðalánasjóð. Þetta jafngildir því að stíga á bremsu og bensíngjöf á sama tíma. Þessi vinnubrögð hins opinbera hafa án nokkurs vafa átt stóran þátt í að spilla fyrir virkni peningastefnunnar og leitt til óhóflegrar hækkunar stýrivaxta. Þetta skaðar sérstaklega þá sem síst skyldi, hópa samfélagsins sem ekki geta varið sig fyrir háum skammtímavöxtum.

Það þarf að breyta hlutverki Íbúðalánasjóðs strax og það er á ábyrgð stjórnvalda að upplýsa um neikvæðar afleiðingar af starfsemi hans. Í núverandi mynd er hann ógn við jafnvægi í hagkerfinu og

fjármálastöðugleika í landinu. Ríkið á að hverfa frá samkeppnisrekstri í almennum húsnæðislanum og einbeita sér að virkum félagslegum úrræðum fyrir þá sem raunverulega þurfa aðstoð við að koma þaki yfir höfuðið.

Uppgjör og skráning í erlendri mynt

Uppi eru mismunandi skoðanir um uppgjör og skráning hlutabréfa í erlendri mynt. Þróun í þessa átt er eðlilegur fylgifiskur aukinnar alþjóðavæðingar íslenskra fyrirtækja og forsenda fyrir því að hugmyndir um Ísland sem alþjóðlega fjármálamiðstöð gangi eftir. Ljóst er að íslensk fyrirtæki hafa margvíslegan ávinning af umbreytingu uppgjörs í aðra mynt. Það er vanhugsað af stjórnvöldum að sporna við þessari þróun og stuðla þannig að því að íslensk fyrirtæki standi höllum fæti í alþjóðlegri samkeppni. Regluverk á þessu sviði á ekki að einkennast af boðum og bönnum heldur vera opið, almennt og skilvirkt.

Afstaða Seðlabankans, eins og hún birtist í nýlegri umsögn um uppgjör í evrum, gengur þvert á þessar hugmyndir. Hún virðist fremur byggja á andstöðu gagnvart frekari alþjóðavæðingu og afnámi hafta á íslensku viðskiptalífi heldur en neikvæðum áhrifum af uppgjöri fjármálafyrirtækja á peningastefnu bankans. Þetta er undarlegt í ljósi þess mikla ábata sem framrás íslenskra fyrirtækja á erlenda markaði hefur skilað innlendu hagkerfi á undanförunum árum. Í umsögninni er lítið sem ekkert minnst á neikvæðar afleiðingar uppgjörs fjármálafyrirtækja í erlendri mynt. Það kemur ekki á óvart, enda líklegt að uppgjör fjármálafyrirtækja í erlendri mynt væri fremur til þess fallið að styrkja peningastefnuna en veikja.

Með tilliti til smæðar íslensks markaðar er það íslenskum fyrirtækjum sérstaklega mikilvægt að geta sótt langtímafjármagn á erlenda markaði. Til að þetta takmarkist ekki við lánsfjármagn er gríðarlega mikilvægt fyrir íslensk fyrirtæki að geta skráð hlutafé í erlendri mynt. Slík skráning myndi auðvelda fyrirtækjum að fá erlenda fjárfesta í eigendahóp sinn og breikka þannig fjármögnunargrunn íslenskra fyrirtækja dreifa eignaraðild og bæta seljanleika og verðmyndum hlutabréfa á markaði.

Framangreind atriði eru öll til þess fallin að auka alþjóðlega samkeppnishæfni Íslands og íslenskra fyrirtækja og gera þeim þar með kleift að keppa á jafnréttisgrundvelli um fjármagn við sambærileg erlend fyrirtæki. Það eru því mikil vonbrigði að greiðsluuppgjör vegna skráninga í erlendri mynt tefjist fram á þriðja ársfjórðung. Það eru miklir hagsmunir í húfi og því þarft að finna skjóta, ásættanlega og varanlega lausn.

Fjármálamiðstöð

Í október árið 2006 skilaði nefnd á vegum forsætisráðuneytisins skýrslu þar sem lagðar voru fram tillögur að umbótum í íslensku rekstrarumhverfi sem gætu stuðlað að aukningu alþjóðlegrar fjármálastarfsemi sem gæti orðið mikilvæg tekjulind og uppspretta arðbærra sérfræðistarfa.

Skýrslan var gott innlegg í umræðuna um frekari eflingu íslenskra fjármálafyrirtækja og samkeppnishæfni þjóðarinnar. Í henni var bent á þau tækifæri sem unnt væri að nýta til að skapa Íslandi og íslenskum fyrirtækjum ákveðna sérstöðu og samkeppnisforskot.

Fyrstu viðbrögð stjórnvalda lofuðu góðu, en í kjölfar útgáfu skýrslunnar samþykkti þáverandi ríkisstjórn að fela embættismönnum viðkomandi ráðuneyta að vinna frekar úr tillögunum. Nú er rúmt ár liðið frá útgáfu skýrslunnar og ljóst er að fyrirheit ráðamanna voru frekar í orði en á borði. Þar sem tillögurnar voru lagðar fram með það markmið að efla samkeppnishæfni íslensks hagkerfis eru það vissulega vonbrigði að þær hafi ekki hlotið sterkari hlómgrunn af hálfu stjórnvalda.

Evrán og mikilvægi þess að stjórnvöld stýri atburðarásinni

Ýmislegt virðist benda til þess að hag Íslendinga verði betur borgið til framtíðar með upptöku evru. Í skýrslu Viðskiptaþings sem liggur hér á borðum er bent á annmarka þess að reka sjálfstæða peningastefnu í jafn opnu og sveiflukenndu hagkerfi og það íslenska er. Afstaða aðildarfélaga Viðskiptaráðs bendir einnig til þess að vilji sé fyrir hendi til taka upp aðra mynt en íslensku krónuna og þar kemur evra helst til greina.

Ákveði stjórnvöld að íslenska hagkerfinu sé betur borgið með upptöku evru þarf að vega og meta þá kosti sem í boði eru. Að því gefnu að tvíhliða samkomulag við Seðlabanka Evrópu sé ekki raunhæfur möguleiki af pólitískum ástæðum, stendur valið í raun á milli þess að hér verði evra tekin upp einhliða eða í gegnum myntbandalag Evrópu. Aðrar leiðir sem kynntar hafa verið eru að öllum líkindum einhvers konar millistig að öðru hvoru markinu.

Enginn vafi leikur á hagrænum yfirburðum með þátttöku í myntbandalagi Evrópu í samanburði við einhliða upptöku evru. Það sem gæti vegið gegn inngöngu í myntbandalagið er skilyrði þess efnis að Ísland þyrfti að ganga í Evrópusambandið. Í því samhengi verður að nefna að töluvert fleiri félagar Viðskiptaráðs voru andvígir umsókn um

aðild en hlyntir henni. Þess vegna er þeim mun brýnna að huga vel að efnahagslegum áhrifum aðildar að Evrópusambandinu, fyrir almenning, fyrirtæki, atvinnugreinar og Íslandi í heild.

Hvert sem markmiðið verður er skýr stefnumörkun alltaf vænlegur kostur. Sitji stjórnvöld með hendur í skauti er hætt við því að evra verði tekin upp með óskipulögðum og óformlegum hætti. Þar með væri tækifæri stjórnvalda til að stýra atburðarrásinni glatað og þau gætu neyðst til að fylgja þróuninni eftir í stað þess að leiða hana.

Að lokum vil ég vitna í Peningamál Seðlabanka Íslands sem birtust í fyrra, sem lýsa mun skynsamlegri afstöðu en þeirri sem birtist í nýlegri umsögn þeirra um uppgjör í erlendri mynt:

Aukna notkun erlendra gjaldmiðla í íslensku efnahagslífi má líta á sem eðlilega afleiðingu alþjóðavæðingar og afnáms hafta á íslensku athafnalífi og fjármálakerfi. Hún er hins vegar ekki síður afleiðing ofpenslu og óstöðugleika sem ríkt hefur undanfarin ár og endurspeglast í mikilli verðbólgu, háum vöxtum og sveiflum í gengi krónunnar.

Að hindra þessa þróun með boðum og bönnum er ekki líklegt til að skila árangri. Efnahagslegur kostnaður hafta á fjármagnshreyfingum er að líkindum meiri en ábatinn. Skynsamlegasta leiðin til að stuðla að því að krónan verði áfram nothæfur gjaldmiðill á íslenskum fjármálamarkaði er að haga innlendri hagstjórn þannig að dragi úr hvata til að nota erlenda gjaldmiðla. Það verður best gert með því að tryggja efnahagslegan stöðugleika. Takist stjórnvöldum að tryggja að umsvif í þjóðarþúskapnum séu í samræmi við framleiðslugetu verður verðlag stöðugra og krónan betri miðill í viðskiptum, og sem reikningseining og viðmiðun í samningum.

Í raun draga þessar tvær málsgreinar saman kjarna þeirrar stöðu sem við stöndum frammi fyrir og þeim aðgerðum sem nauðsynlegt er að grípa til, hvora leiðina sem við förum, að halda krónunni eða kasta. Við horfum til þess að stjórnvöld taki frumkvæðið, í samstarfi við íslenskt viðskiptalíf.

Tími orða er liðinn og tími aðgerða verður nú að taka við.

Takk fyrir.